Borgarráð Reykjavíkur

Reykjavík, 23. nóvember2026

Svar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um afskipti slökkviliðs á Sævarhöfða 31 – MSS26110066

Þann 20. nóvember barst Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins neðangreind fyrirspurn:

Fyrirspurn

„Óskað er eftir upplýsingum um afskipti Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins af lóðinni við Sævarhöfða 31. Hvenær fór síðast fram úttekt eða skoðun á svæðinu og hver voru tilmæli slökkviliðsins? Hefur verið gerð krafa um úrbætur í brunavörnum og hvenær lágu þær kröfur fyrir? Ef kröfum var ekki mætt, hvaða sektir áttu þá að leggjast á borgina og hvenær áttu þær að taka gildi? Að lokum er spurt hvort slökkviliðið hafi á einhvern hátt hvatt til þess að svæðinu yrði lokað.“

Svar

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) hefur ekki skoðað svæðið, lóðina við Sævarhöfða 31, með tilliti til brunavarna og þar með ekki gert kröfu á úrbætur eða hvatt til þess að svæðinu verði lokað.

SHS fór í vettvangsskoðun á svæðinu við Sævarhöfða 31 í kjölfar bruna í hjólhýsi og húsbíl á svæðinu í janúar árið 2025. Einungis var um vettvangsskoðun að ræða og ekki var sett í gang formlegt mál eldvarnaeftirlits.

SHS skoðaði húsnæðið að Sævarhöfða 31 í lok apríl 2026. Í kjölfarið voru gerðar kröfur um úrbætur á brunavörnum. Í framhaldinu tók Reykjavíkurborg sem eigandi hússins ákvörðun um að leggja af notkun í stað þess að fara í nauðsynlegar úrbætur á brunavörnum. Frestur vegna þess var framlengdur til 1. febrúar 2027. Rétt er að taka fram að þessi skoðun og eftirfylgni hennar átti eingöngu við um húsnæðið, ekki lóðina.

Virðingarfyllst,

Birgir Finnsson
Settur slökkviliðsstjóri.